

Hafnarnefndarfundur Skagastrandarhafnar

Mánudaginn 23. apríl 2007 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu Höfðahrepps kl 13.30. Á fundinum voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jóhann Sigurjónsson, Árni Sigurðsson, Sævar Hallgrímsson, Gunnar Sveinsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Formaður, Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Erindisbréf hafnarvarðar

Fyrir fundinum lá tillaga sveitarstjóra að erindisbréfi hafnarvarðar. Tillagan var rædd en hún var síðan samykkt.

2. Erindi Örva ehf um heimavigtunarleyfi.

Fyrir fundinum lágu drög að umsókn Örva ehf til Fiskistofu um heimavigtunarleyfi fyrir starfsstöð sína á Skagaströnd. Einnig lá fyrir fundinum uppkast sveitarstjóra að bréfi þar sem fyrir hönd hafnarnefndar er mælt með umsókninni. Hafnarnefnd ræddi málið og samþykkti að mæla með umsókn um heimavigtunarleyfi.

3. Dráttarbrautin

Tekið var fyrir uppsagnarbréf Ólafs Guðmundssonar fh. Trésmiðjunnar Hefils ehf. á dráttarbrautinni sem var til umfjöllunar á fundi hafnarnefndar 22. janúar sl. Sveitarstjóri upplýsti að auglýsing um að dráttarbrautin sé til leigu hafi ekki borið árangur og engar umsóknir borist. Hafnarnefnd ræddi málið og samþykkti að leigutíma Trésmiðjunnar Hefils ehf ljúki 30. apríl nk. þrátt fyrir ákvæði 2. gr. leigusamnings. Hafnarnefnd samþykkti einnig að fela sveitarstjóra að taka upp viðræður við Vélaverkstæði Skagastrandar ehf um rekstur brautarinnar en jafnframt að höfnin annist rekstur brautarinnar á meðan leitað er leigjanda að henni.

4. Skipulag hafnar- og framkvæmdir 2007-2008.

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi gögn:

1. Bréf Siglingastofnunar dags. 10.04.2007 um hafnarframkvæmdir 2007,
2. Minnisblað Sigurðar Áss Grétarssonar og Kristjáns Helgasonar, Siglingastofnun um framkvæmdir 2007-2010.
3. Minnisblað Krisjáns Helgasonar, Siglingastofnun um ástand Ásgarðs og úrbætur á upptökubraut.
4. Skoðunarskýrsla á ástandi bryggjukants milli Ásgarðs og Miðgarðs, unnin af Ágúst Þór Bragasyni og Árna Geir Ingvarssyni, dags. 31.01.2007.
5. Minnisblað sveitarstjóra um ástandsskoðun sem Ernst Berndsen gerði á löndunarbryggju (Ásgarði) 31.10.2002.
6. Minnisblað vegna hafnarnefndarfundar sem sveitarstjóri tók saman eftir símtal við Kristján Helgason 18.04.07.

Mikil umræða varð um framkvæmdir og skipulag hafnarinnar en niðurstaða var að óska eftir styrkleikamati á Ásgarði og fresta frekari umræðu þar til það liggur fyrir.

5. Önnur mál.

Umræður urðu um umhverfismál og umgengi á höfninni og ítrekaði hafnarnefnd nauðsyn þess að höfnin sé snyrtileg og vel um gengið. Rætt var um hafnarskúra við Spákonufellsey og samþykkti hafnarnefnd að óska eftir kostnaðarmati á viðhaldi skúranna.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.35